



# VEG3A05 / VERKSTÆÐI

Námsáætlun, haustönn 2023

Kennari/kennarar:

Kristín Þóra Guðbjartsdóttir

[kristin.gudbjartsdottir@borgo.is](mailto:kristin.gudbjartsdottir@borgo.is)

## Lýsing: 5 eininga áfangi, 4 kennslustundir á viku (2 x 2 tímar)

Í áfanganum nýta nemendur sér þá hæfni sem þeir hafa öðlast í fyrri áföngum í grafískri hönnun til að vinna sjálfstætt að eigin verkum á ýmsum sviðum grafískrar hönnunar. Áhersla verður lögð á samvinnu við upphaf verka þegar við á, ásamt sjálfstæðum vinnubrögðum og ígrundað og gagnrýnið vinnuferli frá upphaflegri hugmynd til lokafrágangs. Nemendur fá þjálfun í að rannsaka og leita sér upplýsinga svo þeir öðlist skilning á hversu mikilvægt er að skoða hvað býr að baki hverju verkefni. Áhersla verður lögð á að skrásetja ferlið í dagbók, með skissum og orðum og skoðaðar verða leiðir til að gefa nýjum hugmyndum rými.

## Þekking, leikni, hæfni:

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- aðferðum og gildi skipulegrar rannsóknar- og hugmyndavinnu við hönnun.
- notkun réttra forrita við vinnslu verkefna (Psd, Ai og Ind).
- mikilvægi þess að staldra við og ígrunda.

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér hugmynda- og skissuvinnu við lausn verkefna.
- bera saman, vega og meta áhrif ólíkra lausna á sviði grafískrar hönnunar.
- afla sér viðeigandi tækniþekkingar á eigin spýtur við lausn verkefna.
- raða saman texta og myndum á markvissan hátt.
- vinna saman í hópum að verkefni.

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa eigin hugmyndir á sviði grafískrar hönnunar.
- sýna áráðni og hugkvæmni við lausn verkefna.
- rökstyðja, gagnrýna og greina eigin hugmyndir og annarra.
- vinna sjálfstætt að skipulagningu, úrvinnslu og frágangi verkefnis.
- taka þátt í gagnrýnum umræðum um eigin hugmyndaverk og samnemenda

**Námsmat:**

Fjölbreytilegt námsmat með áherslu á símat, endurgjöf og leiðsögn. Vinna nemenda í kennslustund er metin.

1. verkefni, 25%
2. verkefni, 10%
3. verkefni, 20%
4. verkefni, 5%
5. verkefni, 20%
6. verkefni, 10%
7. verkefni, 10%

**Alls 100 %**

**Við námsmat er haft til hliðsjónar:**

**Verkferli:** hugmynda- og skissuvinna, tilraunir við útfærslu, samvinna, framfarir, sýnileika og verkið sjálft (myndhugsun, leturnotkun, myndbygging og litanotkun). **80%**

**Vinnusemi í tímum og ástundun, kynning og þátttaka í umræðum 20%.**

**Verkefnin þurfa að vera unnin í tíma.** Kennari getur ekki metið verkefnið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnu verkefnisins í tíma.

**Námsgögn:**

Skissubók, blýantar, tússpennar, reglustika, skurðarhnífur og litir (trélitir, tússlitir). Helstu forrit: InDesign, Photoshop, Illustrator.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% skólasókn í áfanganum. Ná þarf 5 í lokaeinkunn til að standast áfangann.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.


**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar. **Verkefni þurfa að vera unnin í tíma.** Verkefni getur ekki verið metið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnu verkefnisins

**Eftir að skilafresti er lokið er ekki tekið á móti verkefnum nema með samráði við kennara.** Ef um forföll eða veikindi eru að ræða á að tilkynna þau á Innu og eða skrifstofu.

**Skólinn tekur ekki ábyrgð á að geyma verkefnin.** Nemendur þurfa að taka verkefni með sér í lok annar.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota farsíma uppi við í kennslustundum nema í þágu verkefnis.

**Neysla matar** í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vökva í lokuðum ílátum.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		Nýnemadagur
34	21.-25. ágúst	Kynning á áfanga. <b>VERKEFNI 1 Veggmynd</b> mælingar og hugmyndavinna ofl.	<b>25%</b>
35	28.ágúst -1. sept.	<b>VERKEFNI 1 Veggmynd</b> hugmyndavinna og útfærsla	
36	4.-8. sept.	<b>VERKEFNI 1 Veggmynd</b> útfærsla	
37	11.-15. sept.	<b>VERKEFNI 1 Veggmynd</b> málað á vegg	<i>Verkefnaskil</i>
38	18.-22. sept.	<b>VERKEFNI 2 Letursköpun</b>	<b>10%</b>
39	25.-29. sept.	<b>VERKEFNI 2 Letursköpun</b>	
40	2.-6. okt.	<b>VERKEFNI 3 lógó</b>	Heilsudagur Undirb./úrv. Vörðuvika I
41	9.-13. okt.	<b>VERKEFNI 3 lógó</b>	<b>20%</b>
42	16.-20. okt	<b>VERKEFNI 3 lógó</b>	
43	23.-25. okt.	<b>VERKEFNI 4 UPPBROT</b>	<b>5%</b> Hausthlé fimmtud. og föstud.
44	30. okt. - 3. nóv.	<b>VERKEFNI 5 Textaverk umbrot</b>	<b>20%</b>
45	6.-10. nóv.	<b>VERKEFNI 5 Textaverk umbrot</b>	Undirb./úrv. Vörðuvika II.
46	13.-17. nóv.	<b>VERKEFNI 5 Textaverk umbrot</b>	
47	20.-24. nóv.	<b>VERKEFNI 6 Plakat</b>	<b>10%</b>
48	27. nóv. - 1. des.	<b>VERKEFNI 6 Plakat</b>	
49	4.-8. des	<b>VERKEFNI 7 Jólatengt / frjálst</b>	<b>10%</b>
50	11.-13. des	<b>VERKEFNI 7 Jólatengt / frjálst</b>	<i>Verkefnaskil</i> Síðasti kennsludagur

**Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.**